

Mál nr. 7/2003

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna umfeðarslyss á Aðaltjörn á Selfossi þann 17.6.1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8.1.2003.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Rannsóknargögn lögreglunnar á Selfossi (skjöl nr. 1-8).
4. Dómur Héraðsdóms Suðurlands uppkveðinn 29.1.1999.
5. Bréf lögmans M, dags. 2.6. og 22.11.2002 og 6.1.2003.
6. Bréf X, dags. 20.11. og 27.12.2002 og 22.1.2003.

Málsatvik.

Að kvöldi 16.6.1998 fór M á bifreiðinni A, sem hann hafði fengið að láni hjá föður sínum, heim til kunningja síns, B, á Selfossi. Þaðan fóru þeir í annað hús á Selfossi og hittu þar aðra tvo kunningja sína, þ. á m. C. Þar hófu þeir M og B að neyta áfengis. Var svo ekið á A um götur Selfoss og var þá C undir stýri, en hann hafði ekki neytt áfengis. Um kl. 23.00 að talið er óku þeir félagar til Stokkseyrar ásamt fleira fólki. Á tímabilinu kl. 2.00 til 3.00 um nóttina var ekið aftur til Selfoss og eftir að hafa ekið þar um götur í um tvær klukkustundir eða um kl. 5.00 lagði C bifreiðinni á bifreiðastæði við Háengi. Lét hann M fá lykla að bifreiðinni að hans beiðni. M kveðst ekkert muna eftir ferðum sínum eftir að þeir fóru frá Stokkseyri. Þá man B lítið eftir ferðum sínum eftir að þeir komu aftur á Selfoss frá Stokkseyri. Þeir kváðust báðir hafa neytt áfengis um kvöldið og nóttina. M kvaðst hafa drukkið tvær kippur af bjór. B kvaðst hafa drukkið um eina og hálfa kippu af bjór og hafi hann fundið vel til áfengisáhrifa. Alkóhólmagn í blóði B mældist 0,98 prómill.

Um kl. 4.45 að morgni 17.6.1998 var A ekið framan á vörubifreið sem stóð utan vegar við Aðaltjörn á Selfossi. Var þá B ökumaður og M farþegi. M hlaut áverka í andliti og einkum vinstra auga. Í máli þessu krefst M þess að fá viðurkenndan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

M og B höfðu verið saman um kvöldið fyrir slysið og fram undir morgun. Þeir neyttu saman nokkurs magns af bjór. Þeir voru báðir undir áhrifum áfengis. Þrátt fyrir það átti M ekki að dyljast ástand B að þessu leyti. Þótt atvik séu ekki að fullu leyti upplýst áður en þeir M og B lögðu af stað einir í bifreiðinni verður ekki hjá því komist að virða það M til stórkostlegs gáleysis að hafa tekið sér far með B í umrætt sinn, en telja verður að slysið verði rakið til ölvunarástands B. Með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir rétt að bætur til M verði af þessum sökum lækkaðar um 2/3 hluta, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 25.10.2001 í málinu nr. 129/2001. Samkvæmt þessu skal líkamstjón M bætast að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 11. febrúar 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.